Konur á flótta

„Mestu hörmungar þessarar aldar“

7.6 milljónir eru á flótta innan Sýrlands

4.1 milljón á flótta utan landssteina

200 – 600 þúsund manns látist

Konur og börn eru nú í meirihluti flóttamanna frá Sýrlandi

60 milljónir manns á flótta NÚNA

- Um 50 milljónir á flótta eftir seinni heimsstyrjöldina
- 1/122 í heiminum hafa þurft að flýja heimili sín
- 1/3 af öllu fólki á flótta koma frá Írak og Sýrlandi

Landfræðilega nær okkur en oft áður…

Sýrland

1 milljón flóttamanna kom til Evrópu 2015

Íbúafjöldi Evrópu er 740 milljónir

Langflestir flóttamenn þrá það heitast að geta snúið heim en eru að meðaltali 7-10 ár á flótta

5 ára stríð og átök

- Bráð lífshætta
- Innviðir í molum; heilsagæsla og menntun óaðgengileg
- Borgarastyrjöld og uppgangur vígasveita sem kenna sig við ríki Islam
- Sprengjuregn og gróf mannréttindabrot

En fólk vill helst af öllu snúa aftur heim í frið

Ævintýralandið Sýrland

„Þegar ég hugsa heim til Sýrlands, sé ég fyrir mér bók sem er full af hrífandi ævintýrum um sögu, ástir og átök – og nú bíð ég þess eins að þetta stríð líði hjá og verði aðeins að enn einni sögunni”

Örmynd af Sýrlandi….

Krak Des Chevaliers frá 11. öld

Umayyad Moska frá 706

Höfuðborgin Damaskus

Drottningin Zenobia – leiddi uppreisn gegn Rómaveldi á 3. öld

Ma’loula, enn talað armaic sem talað var á tímum Jesú Krists

Jórdanía

- 1.4 m sýrlenskir flóttamenn í Jórdaníu
- 10% af heildarfjölda Jórdana

Za‘atari flóttamannabúðirnar

fjórða fjölmennasta borg Jórdaníu

https://www.youtube.com/watch?v=ow9mfRoH-kc&index=14&list=PL3rc8FEOW8SYGLpSsep3UX5KYFhE7RbJj

Za‘atari

- 79.000 manns á 3 km^2
- 50% íbúa konur
- 80% konur & börn

Fjarri heimabyggðum

Alghorba – útlegð

Rof á félagslegum samskiptum og fjölskylduumgjörð

- Erfið lífsskilyrði – fátækt, skortur á grunnþjónustu
- Leiði
- Tilgangsleysi

Atvinnutækifæri

- Atvinnutækifæri

UNW veitir 200 manns launaða atvinnu á svæðinu sem þjónustar frítt aðra íbúa búðanna – nær til 1500 manns í hverjum mánuði

- Símenntun og daggæsla

Hagnýtt nám og daggæsla fyrir börn

- Smálánasjóður fyrir neyðartilvik

Konur selja listmuni og rennur ágóði í smálánasjóð fyrir heilsutengd neyðartilvik

- Kvennanefnd

Á sæti í „borgarstjórn“ búðanna – koma á framfæri sjónarmiðum / áhyggjuefnum kvenna

FIRST AID

NORWEGIAN MINISTRY
OF FOREIGN AFFAIRS
UN WOMEN
unicef

Svo miklu meira en vinna

„Þegar við erum heima erum við undir miklu álagi, að hugsa um dauðann… og um sprengingar og skotárásir [vina og ættingja sem enn eru í Sýrlandi]. En þegar við erum á Griðarstaðnum þá gleymum við okkur. Við skemmtum hvor annarri. Það er miklu betra að komast út úr húsi, að vera aktív.“

„Um helgar siturðu heima, og þegar þú ert ein byrjarðu að hugsa um fjölskylduna þína sem dreifð um allt og það særir þig. Ég grét alla síðustu helgi… Ég gat ekki beðið eftir að komast aftur á Griðarstaðinn til komast út úr húsi og gleyma mér“

Félagslegur auður ofar efnahagslegum ávinningi

- Endurskapa félagslegt net, eignast vini
- Brjótast út úr einangrun
- Finna tilgang
- Læra nýja iðn
- Aukið sjálfstraust
- Endurskapa eigin sjálfsmynd
- Geta veitt börnum sínum „munað“

Ungar stúlkur: óöryggi, félagsleg einangrun og fátækt

Einskis nýtur karlmaður…

„Þegar ég var atvinnulaus en konan mín var að vinna, voru mörg vandamál. Við lifðum á brauði og dósamat þar til hún kom heim á daginn en þá var hún þreytt og gat ekki sinnt húsmóðursskyldum sínum. Þá reifst ég við hana og gerði mikið mál úr litlum hlutum…

En nú þegar ég er líka kominn með vinnu er allt orðið eðlilegt aftur.“

„Það eru allir hérna að burðast með gríðarleg vandamál á bakinu. Hérna á Griðarstaðnum hef ég hitt mikið af öðrum mönnum. Við erum allir í sömu stöðu. En við höfum lært að takast á við vandamálið með því að grínast og reyna gleyma okkur stund og stund. En tökum sem dæmi, félaga okkar hérna. Hann þarf amk 100 dinars fyrir lækniskostnaði fyrir son sinn á mánuði. Ef hann getur ekki unnið, hvað verður um son hans? Hvað verður um félaga okkar þegar hann horfir á son sinn veslast upp fyrir framan augun á sér? Hann minnkar og minnkar sem karlmaður. Þetta er það sem kemur fyrir okkur sýrlensku karlmennina... Þegar við erum heima og höfum ekkert fyrir stafni.. Þá verðum við svo reiðir út í sjálfa okkur fyrir að standa okkur ekki sem karlmenn. Og svo reiðir út í fjölskyldu okkar biður okkur um hluti sem þau vantar og við getum ekki veitt.

Okkur er sagt að heimilisofbeldi sé að aukast. Af hverju heldurðu að það sé? Þegar vasarnir eru fullir, þá er allt í lagi.“

Valdefling

- Efnahagsleg valdefling
- Félagslegur auður
- Dregur úr áfallastreituröskun
- Fyrirmyndir fyrir börn sín
- Dregur úr heimilisofbeldi
- Heilbrigðari sjálfsmynd

Republic of Korea
Netherlands
Italy
Finland

أبناء

UN
WOMEN

Takk fyrir að hlusta!

www.unwomen.is

Facebook: UN Women – íslensk landsnefnd

Hægt er að styrkja starfið með mánaðarlegum framlögum ☺